

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1958  
komudagur 16.4.2002



2002030038

9140

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Einar Farestveit, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2002

/--

**Efni: Frumvarp til laga um landgræðslu. Umsögn Skipulagsstofnunar.**

Skipulagsstofnun hefur borist erindi landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 18. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um landgræðslu, 584. mál.

Skipulagsstofnun bendir á að orðalag 7. tl. 4. gr. um að eitt verkefna Landgræðslunnar sé að "taka þá í ... skipulagsgerð" kunnri að valda vafa, þar sem skipulagsgerð er skv. skipulags- og byggingarlögum að meginstefnu í höndum sveitarstjórna. Vegna ákvæða frumvarpsins, m.a. um áætlanir um landgræðsluverkefni í 5. gr., um héraðsáætlanir um landgræðslu í 7. gr. og friðun lands bendir Skipulagsstofnun á að skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. skulu landgræðsluáætlanir vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Skipulagsstofnun bendir einnig á að á vegum umhverfisráðuneytisins og stofnunarinnar er hafinn undirbúningur lagasetningar vegna tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2001/42/EC um umhverfismat áætlana, sem þarf að hafa öðlast gildi hérlendis þann 20. júlí 2004. Undir tilskipunina falla áætlanir sem skapa forsendur leyfisveitinga fyrir framkvæmdum sem matsskyldar eru skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum en samkvæmt e-lið 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er uppgræðsla lands á verndarsvæðum tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu.

Elín Smáradóttir